

***Svar við fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar til Kvenréttindafélags Íslands vegna verkefnisins Kjarajafnrétti strax!***

Vinnuhópurinn var skipulagður í kjölfar Kvænnafrís 2016, en aðstandendur að þeim fundi voru félög innan kvannahreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar. Aðstandendum Kvænnafrís 2016 var boðið að skipa fulltrúa í þennan vinnuhóp (en þar voru ekki allir stjórnmalaflokkar með fulltrúa, þar sem ekki allir stjórnmalaflokkar eru með kvannahreyfingu/jafnréttisfélag), og aðeins einn fulltrúi af þeim tilnefndi fulltrúa í vinnuhópinn. Þar sem þessi vinnuhópur var ekki ætlaður sem samstarfsvettvangur frjálsra félagasamtaka og stjórnmalaflokka, var ekki leitast eftir samstarfi við aðra stjórnmalaflokk. Grundvallarhugmyndin á bak við starf vinnuhópsins var að samtök kvenna og samtök launafólks gætu aukið þekkingu sína á kynjaðri vídd kjaramismunar og aukið samstarf milli kvannahreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar í kjölfarið.

Þessu verkefni er klárlega ekki lokið. Það var ljóst frá upphafi fundar að mikil nauðsyn sé að aukið samráð sé á milli félagasamtaka sem starfa að jafnréttismálum og sem starfa að kjaramálum. Stefnt er að áframhaldandi fundum í vinnuhópnum, bæði lokuðum fundum og opnum, í vetur.

***Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar til Kvenréttindafélags Íslands vegna verkefnisins Kjarajafnrétti strax!***

Á fundi mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs þann 22. ágúst s.l., var lögð fram greinagerð Kvenréttindafélags Íslands vegna verkefnisins Kjarajafnrétti strax! Samkvæmt 16. lið fundargerðar mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráðs sama dag, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn frá fulltrúa Samfylkingar um verkefnið:

Ég vil gjarnan fá upplýsingar um það hvers vegna ekki voru fulltrúar annarra stjórnmalaflokka í hinum ágæta vinnuhópi um kynjajafnrétti sem settur var á fót 2018 til að ræða kynjajafnrétti á víðum grunni. Til viðbótar væri áhugavert að vita hvort framhald verði á þessari vinnu. Óskað er eftir svari við fyrirspurninni.